

1983 nr. 81 28. desember
Lög um heimild til að fresta greiðslum
vegna verðtryggðra íbúðalána

Tóku gildi 30. desember 1983.

■ **1. gr.**

□ Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar og Seðlabanka Íslands ákveðið að fresta skuli greiðslu á allt að 25% af samanlagðri fjárhæð afborgana, verðtryggingaþátta og vaxta verðtryggðra lána Bygging-

arsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna og verðtryggðra íbúðalána banka og annarra lánastofnana, er gjaldfalla á tilteknu tímabili hér eftir, ef lántaki óskar.

□ Þeim greiðslum, sem frestað er samkvæmt framansögðu, skal bætt við höfuðstól lánsins og lánstíminn lengdur þannig að greiðslubyrði lánsins á hverjum tíma aukist ekki af þeim sökum og lánið sé með óbreyttum kjörum að öðru leyti svo og með hliðstæðum áfangagreiðslum og ella hefði verið.

■ **2. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.